

Föstudaginn 2. október 1964.

Nr. 124/1963. **Gler & Listar h/f** (Guðlaugur Einarsson hrl.)
 gegn

Jóni Ólafssyni og Benedikt Bogasyni
og gagnsök (Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jónatan Hallvarðsson
 og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
 Magnús Þ. Torfason.

Vixilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1963. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjenda í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 29. nóvember 1963, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefjast þeir þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Á víxlum þeim, sem í máli þessu getur, er útgefandi skráður „pr.pr. Rafblik h.f. Jón Ólafsson“. Á bakhlið vixlanna eru einnig skráð eyðuframsöl með sama hætti. Aðaláfrýjandi hefur lagt fram vottorð borgarfégetaembættisins í Reykjavík, dags. 1. október 1964, þar sem segir, að hlutfélagið Rafblik hafi ekki verið skrásett í Reykjavík. Telur aðaláfrýjandi, að af þessari ástæðu hafi enginn vixilréttur stofnast. Með tilvísun til 1. sbr. 7. gr. víxillaga nr. 93/1933, verður ekki á þessa málsástæðu fallizt. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, kr. 13.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Gler & Listar h/f, greiði gagnáfrýjendum, Jóni Ólafssyni og Benedikt Bogasyni, málskostnað í Hæstarétti, kr. 13.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júlí 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní s.l., hafa Jón Ólafsson héraðsdómslögmaður, Laugarnesvegi 110, Reykjavík, og Benedikt Bogason verkfræðingur, Selfossi, Árnessýslu, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. apríl 1963, gegn Sveini M. Guðmundssyni, Rauðalæk 10, Reykjavík, fyrir hönd hlutafélagsins „Gler og Listar“, Laugavegi 178, Reykjavík. Eru dómkröfur stefnenda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim andvirði tveggja víxla, að fjárhæð kr. 80.000.00, með 9% ársvöxtum frá 27. desember 1962 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 192.00 í stimpilgjald og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur gert kröfu um sýknu af öllum kröfum stefnenda og að þeim verði in solidum gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Til vara hefur hann áskilið sér rétt til að höfða skaðabótamál gegn stefnendum.

Málavextir eru þessir:

Krafa stefnenda er samkvæmt tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð kr. 40.000.00. Eru víxlar þessir gefnir út 13. október 1962, en útgefandi er „pr.pr. Rafblik Jón Ólafsson“, sem einnig hefur ábekt víxlana. Samþykki er „Gler og listar h.f., Guðbr. Jörundsson“, og gjalddagi beggja víxlanna er 27. desember 1962. Fallið er frá afsögn víxlanna 29. desember 1962. Víxlarnir skyldu greiddir í Verzlunarbanka Íslands h/f, Reykjavík. Hvorugur víxlanna var greiddur á gjalddaga, og var þá mál þetta höfðað.

Stefndi lýsir málavöxtum svo, að í september 1962 hafi orðið að samkomulagi með sér og Rafbliki h/f, að hann keypti nokkurt magn lampa af Rafbliki h/f. Hafi Rafblik viljað gera um þetta skriflegan kaupsamning, en ekki orðið af því, þar sem hann hefði ekki viljað undirrita uppkast, sem Rafblik h/f hefði lagt fram. Þann 28. september hefði hann samþykkt áðurgreinda víxla og fengið kvittun fyrir að hafa greitt kr. 80.000.00

upp í væntanleg lampakaup. Löngu síðar hafi Rafblik afhent slatta af lömpum, en þeir hafi reynzt gallaðir, og það svo mjög, að óheimilt hefði verið að selja þá. Hefur stefndi lagt fram vottorð og bréf rafmagnseftirlitsins, þar að lútandi. Um þetta hafi verið kvartað og kaupunum rift. Hafi síðan verið haldið fast við þá kröfu.

Stefnendur hafa mótmælt því, að varnir þessar kæmust að, þar sem hér væri um víxilmál að ræða, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Stefndi hefur hins vegar haldið því fram, að mótmæli þessi séu of seint fram komin, löngu eftir gagnaöflun samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936. Hafi lögmaður stefnenda sjálfur sótt þing, þegar því var lýst yfir, að gagnaöflun væri lokið, en þá engum athugasemdum hreyft um það, að varnir þessar gætu ekki komið að í máli þessu.

Af hálfu stefnenda hefur því hins vegar verið til svarað, að samkvæmt 1. mgr. 209. gr. laga nr. 85/1936 megi því aðeins koma að vörnum þeim, sem stefndi vilji uppi hafa, að aðiljar séu á það sáttir. Ástæðulaust sé að mótmæla sérstaklega fyrir dómi varnarástæðum, sem ótvíræð lagafyrirmæli hindri, að beitt verði.

Mál þetta er þingfest 18. apríl s.l., og fékk stefndi greinargerðarfrest til 2. maí og síðan viðbótarfrest til 9. maí. Lagði hann fram þann dag greinargerð á diskj. nr. 4 ásamt 8 fylgiskjölum. Lögmaður stefnenda sótti sjálfur þetta þing, en hreyfði ekki andmælum við vörn stefnda, og var gagnasöfnun lýst lokið. Málið var síðan munnlega flutt 29. júní og dómtekið sama dag. Beindist málflutningur lögmannna aðilja nær eingöngu að því, hvort varnir stefnda gætu komið að eða ekki.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Varnir þær, sem stefndi hefur uppi, eru á því reistar, að lampar þeir, sem hann hafi fengið hjá Rafbliki h/f, hafi verið svo gallaðir, að til riftingar nægi. Slíkar varnir komast ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Ekki verður talið, að leggja beri 110. gr. laga nr. 85/1936 til grundvallar úrlausn máls þessa, heldur 209. gr. sömu laga. Samkvæmt henni er hægt að koma að vörnum, sem almennt má hafa uppi í einkamálum, „ef aðiljar eru á það sáttir“.

Álitaefni er því það, hvort jafna megi þögn lögmanns stefnenda í þinghaldi 9. maí s.l. við samþykki samkvæmt 209. gr. laga nr. 85/1936, en það metur dómari, sbr. 113. gr. i. f. sömu laga.

Stefndi tók til varna, svo sem sagt hefur verið, án þess að samþykki aðilja lægi berum orðum fyrir um það, að málið skyldi rekið sem almennt einkamál. Eins og hér stendur á, verður ekki talið, að í framkomu lögmanns stefnenda í þinghaldi 9. maí felist samþykki, slíkt sem 209. gr. áskilur. Verða því varnir stefnda ekki teknar til álita. Ber samkvæmt þessu að taka kröfu stefnenda til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 9.200.00.

Sigurður Línal, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sveinn M. Guðmundsson f. h. Glers og Lista h/f, greiði stefnendum, Jóni Ólafssyni og Benedikt Bogasyni, kr. 80.000.00 með 9% ársvöxtum frá 27. desember 1962 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 192.00 í stimpilgjald og kr. 9.200.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. október 1964.

Nr. 166/1963. **Gunnlaugur Þorláksson**

(Einar B. Guðmundsson hrl.)

gegn

Ólafi Finsen (Gunnar Guðmundsson hrl.).

Dó m e n d u r :

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodor B. Línal.

Árekstur bifreiða. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1963 og krafizt þess, að fébótaábyrgð verði skipt á þann hátt, að $\frac{2}{3}$ hlutar hennar verði felldir á stefnda, en $\frac{1}{3}$ hluta beri hann sjálfur. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.